

FMS 2019-38  
ISBN 978-9935-9478-6-4  
ISSN 2547-8060



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD 

# FERÐAMÁLARANNSÓKNIR TOURISM RESEARCH IN ICELAND

NÓVEMBER 2019

## Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Reykjanesbær

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Titill: Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Reykjanesbær  
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-38  
ISBN: 978-9935-9478-6-4  
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Aðferðir og framkvæmd .....	3
Reykjanesbær .....	2
Ferðamannabærinn Reykjanesbær – frá sjónarhóli íbúa.....	3
Viðhorf til fjölda ferðamanna .....	5
Áhrif á daglegt líf heimamanna .....	6
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu .....	9
Áhrif á samfélagið .....	12
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í Reykjanesbæ? .....	17
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir.....	18
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í Reykjanesbæ? .....	19
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir .....	20
Eykur ferðaþjónusta bjartsýni og hafa íbúar eitthvað um þróun hennar að segja? .....	21
Samantekt.....	22
Umræður og lokaorð – Allir staðir.....	23
Niðurstöður símakönnunar í Reykjanesbæ – tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	26
Niðurstöður símakönnunar: Samanburður á Egilsstöðum, Húsavík, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi .....	68
Viðtalsrammi rannsóknar – Allir staðir .....	82
Spurningalisti símakönnunar – Allir staðir.....	83

## INNGANGUR

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar á viðhorfum heimamanna í Reykjanesbæ til ferðamanna og ferðaþjónustu sem fór fram haustið 2018. Ferðamennska og ferðaþjónusta geta haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélag heimamanna, sem aftur getur hefur áhrif á viðhorf fólks til atvinnugreinarinnar. Ljóst er að þegar staður umbreytist í áfangastað ferðamanna hefur það áhrif á líf íbúa<sup>1</sup>. Því hafa þeir sem rannsaka félagsleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku gjarnan beint sjónum sínum að lífsgæðum íbúa en áhrifin geta verið margbreytileg<sup>2;3;4;5</sup>. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa<sup>6</sup>. Rannsóknir fræðimanna hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar<sup>7</sup>. Því er áriðandi að vel sé fylgst með viðhorfum íbúa og skynjun þeirra á áhrifum ferðamennsku í samfélagi þeirra<sup>8</sup>.

### Íslenskar rannsóknir á viðhorfum heimamanna

Kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Í þessum könnunum eru áhrifin skoðuð ýmist á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum og tengjast markmiði stjórnvalda um að hugað verði að því að tryggja áfram jákvætt viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu<sup>9</sup>. Tvær kannanir hafa verið gerðar á landsvísu á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu; sú fyrri árið 2014<sup>10</sup> og sú síðari síðla árs 2017<sup>11</sup>. Á



Við gatnamót Hafnargötu og Skólavegar í Reykjanesbæ

<sup>1</sup> Kim, K., Uysal, M. og Sirgy, M.J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. doi: 10.1016/j.tourman.2012.09.005

<sup>2</sup> Almeida-García, F., Balbuena-Vázquez, A. og Cortés-Macías, R. (2015). Residents' attitudes towards the impacts of tourism. *Tourism Management Perspectives*, 13, 33-40. <https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.11.002>

<sup>3</sup> Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2013.10.007>

<sup>4</sup> Deery, D., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

<sup>5</sup> Rastegar, R. (2019). Tourism development and conservation, do local resident attitudes matter?. *International Journal of Tourism Sciences*, 19(3), 181-191. <https://doi.org/10.1080/15980634.2019.1663998>

<sup>6</sup> Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253. doi: 10.1016/S0160-7383(01)00039-1

<sup>7</sup> Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572.

<https://doi.org/10.1080/09669582.2019.1578363>

<sup>8</sup> Prayag, G., Hosany, S., Nunkoo, R. og Alders, T. (2013). London residents' support for the 2012 Olympic Games: the mediating effect of overall attitude. *Tourism Management*, 36, 629-640.

<https://doi.org/10.1016/j.tourman.2012.08.003>

<sup>9</sup> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

<sup>10</sup> Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>11</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.



árunum 2015 og 2016 voru gerðar tvær tilviksrannsóknir innan einstakra samfélaga á Íslandi. Árið 2015 var unnin tilviksrannsókn á Ísafirði, Húsavík, Hellu og 101 Reykjavík<sup>12</sup>. Tekin voru viðtöl við íbúa en auk þess voru gerðar vettvangsathuganir. Árið 2016 var svo gerð rannsókn á Siglufirði, Mývatnssveit og Höfn í Hornafirði<sup>13</sup>. Í gagnaöflun var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa, sem byggðu á viðtalsramma rannsóknar Háskólans á Hólum frá því 2015 og hins vegar með spurningakönnun meðal íbúa.

### Viðhorf heimamanna í einstökum samfélögum á Íslandi 2018

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á íbúa á einstökum svæðum á Íslandi haustið 2018. Um var að ræða tilviksrannsókn sem unnin var í fjórum bæjarfélögum sem valin voru í samráði við Ferðamálastofu. Bæjarfélögin voru Egilsstaðir, Húsavík, Reykjanesbær og Stykkishólmur. Við staðarval var skýrsla ferðamálaráðherra um þolmörk ferðamennsku<sup>14</sup> höfð til hliðsjónar ásamt niðurstöðum landskönnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017<sup>15</sup>. Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa ekki verið könnuð áður á þessum stöðum nema á Húsavík en þar fór fram rannsókn á félagslegum áhrifum árið 2015<sup>12</sup>.

Kynning rannsókna, aðferðafræði og niðurstöður eru birtar í samantektarskýrslu fyrir hvern og einn stað en þær eru allar settar fram á sambærilegan hátt. Á eftir greinargerð um framkvæmd og aðferðir rannsókna eru staðhættir og ferðamennska í viðkomandi bæjarfélagi kynnt áður en greint er frá niðurstöðunum. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í Reykjanesbæ. Niðurstöður símakönnunarinnar eru eftir atvikum bornar saman við niðurstöður landskönnunar 2017 almennt og einnig sérstaklega við niðurstöður fyrir Reykjanes en þær byggja á svörum íbúa á svæði Markaðsstofu Reykjaness í landskönnuninni. Einnig er í einstaka tilfellum samanburður við hin bæjarfélögin þrjú sem könnuð voru haustið 2018. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna símakönnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en viðtöl, greining, skýrsluvinnsla og



Frá Keflavíkurlugvelli

verkefnastjórn var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Gagnasafninu frá símakönnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnunni í Reykjanesbæ. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli bæjarfélaganna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkið fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkið fá heimamenn í Reykjanesbæ fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

<sup>12</sup> Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

<sup>13</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>14</sup> *Skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku*. Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017-2018. Sótt 24. apríl 2019, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>.

<sup>15</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

## AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn í fjórum bæjarfélögum þ.e. Egilsstöðum, Húsavík, Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Gagna var annars vegar aflað með viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Sömu aðferðum var beitt í öllum bæjarfélögum fjórum. Spurningakönnunin var lögð fyrir samtímis á öllum stöðum en viðtölin fóru fram á einum stað í einu. Tekið skal fram að allar upplýsingar sem koma fram um aðferðir og framkvæmd gagnaöflunar fyrir rannsóknina í heild sinni eru, eðli málsins samkvæmt, eins í öllum samantektarskýrslunum. Fyrst verður gerð grein fyrir framkvæmd spurningakönnunarinnar og síðan framkvæmd viðtala.

### Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa í bæjarfélögum fjórum um viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Spurningalistinn er í grunninn sá sami og lagður var fyrir í landskönnun 2017 sem gefur tilefni til samanburðar á landsvísu og á landshlutavísu. Þó voru nokkrar spurningar úr landskönnun lagðar til hliðar þar sem ekki þótti ástæða til að leggja þær fyrir á svæðisbundna vísu. Þess í stað voru settar inn nýjar spurningar til prófunar til að kanna gildi þess að leggja þær fyrir á landsvísu<sup>16</sup>.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 8. nóvember til 2. desember 2018. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað en í úrtakinu voru 3.697 einstaklingar og fengust alls 1.481 svör (svarhlutfall 40%). Í Reykjanesbæ voru 1291 einstaklingur í úrtakinu og var fjöldi svara 404 sem reyndist vera 31% svarhlutfall. Úrtakið í Reykjanesbæ var stærra en í hinum bæjarfélögum þremur þar sem vitað er að oft gengur illa að fá svör frá íbúum á því svæði. Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda símakönnunarinnar í Reykjanesbæ.


### Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar

Reykjanesbær		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	1291	
	Fjöldi svara	404	31%
<b>Kyn</b>	Karlar	203	50%
	Konur	202	50%
<b>Aldur</b>	18-29	40	10%
	30-44	102	25%
	45-59	123	30%
	60+	128	32%
<b>Menntun</b>	Grunnskólanám eða minna	101	25%
	Stúdentspróf eða iðnnám	149	37%
	Annað starfsnám	22	5%
	Háskólapróf	125	31%
<b>Lengd búsetu í Reykjanesbæ</b>	5 ár eða skemur	64	16%
	6-10 ár	33	8%
	11-20 ár	73	18%
	21-30 ár	49	12%
	Lengur en 30 ár	178	44%
<b>Staða á vinnumarkaði</b>	Í launuðu starfi	242	60%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	53	13%
	Í námi	10	3%
	Áeftirlaunum	55	14%
	Annað	35	9%
<b>Starfar þú við ferðaþjónustu?</b>	Já	94	23%
	Nei	308	76%
<b>Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?</b>	Já	187	46%
	Nei	109	27%

<sup>16</sup> Hluti nýrra spurninga varð til í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og Félagsvísindastofnun í tilefni rannsóknar á félagslegum þörmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu sumarið 2018. Rannsóknin var unnin fyrir Samtök sunnlesskra sveitarfélaga. Sjá

náanar: Þorvarður, Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þörmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Hornafirði: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Í töflunni hér á undan má sjá að 23% svarenda í Reykjanesbæ sögðust starfa í ferðaþjónustu en þar var hlutfall svarenda sem starfaði í ferðaþjónustu hæst (var 15% á Egilsstöðum, 20% í Stykkishólmi og 19% á Húsavík). Um 33% svarenda í Reykjanesbæ höfðu einhverjar heimilistekjur af ferðamönnum og sagði einn af hverjum fjórum það vera heilsárstekjur en það hlutfall var hæst í Reykjanesbæ.



Gögnin úr símakönnuninni voru greind með þeirri tölfraði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfraðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspátta. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður settar fram á myndrænan hátt fyrir Reykjanesbæ og eftir atvikum settar í samhengi við niðurstöður úr landskönnun eða hin bæjarfélögin þrjú.

## Viðtöl

Í öllum bæjarfélögunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa sem valdir voru með hentugleikaúrtaki. Markmiðið var að taka að minnsta kosti 5 viðtöl á hverjum stað eða 20 viðtöl í heildina. Viðtölin urðu alls 24 og var rætt við 12 karla og 12 konur. Í viðtölunum var lögð áhersla á að fá fram reynslu og upplifun viðmælenda af ferðamönnum og ferðaþjónustu í þeirra daglega umhverfi. Með viðtölunum er leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa en hægt er að ná fram með megindlegri spurningakönnun. Viðtölin varpa þannig ljósi á mikilvægi tiltekinna áhrifaþátta og hvernig íbúarnir bregðast við þeim. Hafa ber í huga að viðtöl sem þessi hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað<sup>17;18</sup>. Hins vegar gefa viðtölin mynd af því hvernig viðmælendur færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram.

Sami spurningarammi var notaður á öllum svæðunum fjórum en hann var í grunninn sá sami og notaður var í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem gerð var 2016 í Mývatnssveit, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði<sup>19</sup>. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem höfðu fasta búsetu á viðkomandi svæði og höfðu ferðaþjónustu ekki endilega að aðalstarfi því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa tekjur af ferðaþjónustu eru að jafnaði jákvæðari í garð greinarinnar en aðrir íbúar<sup>20;21</sup>. Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt uppröðun töflureiknisins og ef ekki náðist í einstakling var

<sup>17</sup> Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

<sup>18</sup> Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

<sup>19</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

<sup>20</sup> Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

<sup>21</sup> Deery, M., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Haft var samband við einstaklinga símleiðis, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma.

Við undirbúning rannsóknar var horft til nýrra persónuverndarlaga og voru allir þátttakendur beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Í rannsókninni var hvorki farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Viðtölin voru hljóðrituð og voru að jafnaði um 50 mínútna löng. Þau voru síðan afrituð, kóðuð og greind. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd. Til þess að aðgreina þátttakendur í niðurstöðum greiningar voru þeim gefin gervinöfn sem fundin voru í gögnum Hagstofu Íslands yfir 100 algengustu eiginnöfn karla og kvenna og valin 12 algengustu nöfnin fyrir hvort kyn<sup>22,23</sup>.



Bílaeigubílar geymdir á óbyggðu svæði skammt frá Reykjaneshöllinni

## Viðtölin í Reykjanesbæ

Viðtölin í Reykjanesbæ fóru fram dagana 15., 21., 23. og 30. nóvember. Rætt var við fjórar konur og fjóra karla á aldrinum 33-69 ára. Fimm þeirra töldu sig ekki hafa bein tengsl við ferðapjónustu í bænum. Þrjú höfðu tekjur af eða tengsl við veitinga- og gistipjónustu. Rætt var við íbúa í Ásbrú, Njarðvík og Keflavík. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá númer viðtals (R=Reykjanesbær), gervinafn einstaklings og uppruna hans. Í ljósi persónuverndar er ekki gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda í rannsókninni. Flestir þeirra búa í fámennum samfélögum og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar. Þó svo að Reykjanesbær sé mun fjölmennara bæjarfélag en hin þrjú er til samræmis hafður sami háttur þar á.

Númer	Nafn	Uppruni
R1	Sigrún	Uppalin í Reykjanesbæ
R2	Katrín	Aðflutt og með erlendan bakgrunn
R3	Ólafur	Hefur búið í Reykjanesbæ í 5 ár
R4	Einar	Fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ
R5	María	Fædd og uppalinn í Reykjanesbæ
R6	Kristján	Aðfluttur og búið í Reykjanesbæ í tæp 10 ár
R7	Magnús	Hefur búið í Reykjanesbæ í rúmlega 40 ár
R8	Jóhanna	Uppalin í Reykjanesbæ

Viðtölin fóru fram á stöðum sem valdir voru af þátttakendunum sjálfum. Eitt var tekið í opinberu rými á bókasafni bæjarins, eitt fór fram á heimili viðkomandi og fimm á vinnustöðum viðkomandi. Eitt viðtalið fór fram á kaffihúsi í Reykjavík. Greining viðtalanna í þemu mótaðist af spurningarammanum en þau eru hvernig ferðamannastaður viðkomandi bæjarfélag er og fjöldi ferðamanna; áhrif á daglegt líf, efnahag og atvinnulíf; jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðapjónustunnar og framtíðarsýn. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Reykjanesbæ og má þar nefna flugvöllinn, Reykjanesbraut og þróun í fjölda ferðamanna á Íslandi. Beinir tilvitnir í orð viðmælenda eru settar fram í bláum textakössum, í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

<sup>22</sup> Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn karla 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_Faeddirdanir\\_Nofn\\_Nofnkk/MAN11101.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkk/MAN11101.px).

<sup>23</sup> Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn kvenna 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_Faeddirdanir\\_Nofn\\_Nofnkvk/MAN11111.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkvk/MAN11111.px).

## REYKJANESBÆR

Reykjanesbær er 145.000 hektara sveitarfélag á utanverðum Reykjanesskaga og nær frá Keflavík í norðri og út á Reykjanestá<sup>24</sup>. Sveitarfélagið var stofnað 1994, þegar bæjarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir sameinuðust undir því nafni. Reykjanesbær er eitt fjölmennasta sveitarfélag landsins en fjöldi íbúa 1. janúar 2019 var 18.920<sup>25</sup>. Þar af voru um 24% íbúa með erlent ríkisfang<sup>26</sup>. Fólksfjölgun hefur verið hröð undanfarin ár en á árunum 2011-2016 var meðalfjölgun íbúa um 2% á ári og að jafnaði 8% á árunum 2017 og 2018. Frá 2010 hefur fjöldi erlendra ríkisborgara tvöfaldast í Reykjanesbæ.

Reykjanesbær er innan Reykjanes jarðvangs sem er vottaður UNESCO jarðvangur. Innan jarðvangsins, sem er samstarf sveitarfélaga og hagsmunaaðila á svæðinu, er að finna merkar jarðminjar sem varpa ljósi á mótun lands og áhrif jarðfræði á þróun, lífríki og menningu svæðisins<sup>24</sup>. Margir þessara staða eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna s.s. Bláa lónið (sem tilheyrir Grindavíkurbæ), Brúin milli heimsálfa á „plötuskilum“ Evrasíu- og Norður-Ameríkuflekanna og Gunnhver. Saga bæjarfélaganna í Reykjanesbæ hefur mótast af nálægð við hafið. Keflavík hefur löngum verið miðstöð útgerðar og verslunar og var, ásamt Njarðvík, mikilvæg sökum nálægðar við gjöful fiskimið. Sjávarútvegur er enn í dag einn lykilatvinnuvega á Suðurnesjum<sup>27</sup> en flest dagsverk eru í verslun og þjónustu<sup>28</sup>. Á Miðnesheiði er Keflavíkurflugvöllur, sem í dag er miðstöð millilandaflugs á Íslandi og tengir landið við Evrópu og Norður-Ameríku. Bandaríkjaher (varnarliðið á Íslandi) byggði flugvöllinn í seinna stríði og hafði þar herstöð fram til ársins 2006. Varnarliðið var stór atvinnurekandi og var ýmiss konar þjónusta við herinn

lífsviðurværi fjölmargra íbúa. Lokun herstöðvarinnar hafði neikvæð áhrif á atvinnulíf í Reykjanesbæ og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum sem fyrir vikið voru verr í stakk búin til að takast á við áföll efnahagshrunsins 2008<sup>27</sup>. Þar við bættist í Reykjanesbæ erfið fjárhagsstaða sveitarfélagsins og erfiðleikar við atvinnu- og iðnaðaruppbyggingu í Helgúvík<sup>29</sup>. Árin eftir hrun var mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og í Reykjanesbæ var atvinnuleysi 14%<sup>30</sup>. Upp úr 2012 dró úr atvinnuleysi og árið 2018 var atvinnuleysi í Reykjanesbæ komið niður í 3,2%<sup>30</sup>. Þessi breyting er talin hafa haldist í hendur við uppgang í ferðapjónustu, hraða fjölgun ferðamanna til landsins og skiptifarþega á Keflavíkurflugvelli<sup>27</sup>. Ferða- og flugþjónusta festi sig í sessi sem ein af meginstöðum atvinnulífsins á svæðinu. Í atvinnumálakönnun haustið 2017 kom fram að um 25% íbúa á Suðurnesjum störfuðu við ferðapjónustu, samgöngur og flutninga og að 22% störfuðu á Keflavíkurflugvelli<sup>31</sup>.

Ferðapjónusta á Reykjanesi hefur einkennst af þjónustu við Keflavíkurflugvöll. Í áfangastaðaáætlun Reykjaness kemur fram að á sama tíma og mikill styrkur sé fólgin í því að hafa alþjóðaflugvöll á svæðinu sem þýði að aðgengi að ferðamönnum sé hvergi betra miðað við önnur landsvæði þá sé það einnig áskorun í uppbyggingu áfangastaðarins<sup>32</sup>. Í ferðamálastefnu Reykjanesbæjar<sup>33</sup> er áhersla á að bærinn sé áhugaverður áfangastaður til að staldra við. Í markmiðum kemur fram að jafna skuli árstíðabundnar sveiflur í þjónustu við ferðamenn á svæðinu, fjölga gistinóttum utan háannar og að þjónustustig haldist í hendur við fjölgun. Í stefnunni koma fram markmið sveitarfélagsins um að vera leiðandi í þróun

<sup>24</sup> Reykjanesbær. (e.d.). Saga. Sótt 14. ágúst 2019, af <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/saga>.

<sup>25</sup> Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_2\\_bygdir\\_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=654abc64-8d33-4e80-ae32-23024ae2ef1d](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=654abc64-8d33-4e80-ae32-23024ae2ef1d)

<sup>26</sup> Þjóðskrá Íslands (2019, 21. janúar). *Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum*. Sótt 14. ágúst 2019, af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frettir/2019/01/21/Hlutfall-erlendra-rikisborgara-efrir-sveitarfelogum/>

<sup>27</sup> KPMG. (2018). Suðurnes 2040. Svíðsmýndir um mögulega þróun atvinnulífs á Suðurnesjum árið 2040.

<sup>28</sup> Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030. Greinargerð mars 2017. Reykjavík: Kanon.

<sup>29</sup> VF (2016, 13. janúar). *Grafalvarleg staða en líka jákvæð framtíð í Reykjanesbæ*. Sótt 14. ágúst 2019, af <https://www.vf.is/adsent/grafalvarleg-stada-en-lika-jakvaed-framtid-i-reykjanesbae>

<sup>30</sup> Vinnumálstofnun (2019). Atvinnuleysi eftir sveitarfélögum – ársmeðaltöl. Sótt 14. ágúst 2019, af <https://www.vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplysingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplysingar/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>

<sup>31</sup> MMR. (2017). Atvinnumálakönnun Reykjanesbæjar október 2017. Sótt 14. ágúst 2019, af [https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Frettamyndir/skyringamyndir\\_gogn/atvinnumalakonnun\\_sudurnes.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Frettamyndir/skyringamyndir_gogn/atvinnumalakonnun_sudurnes.pdf)

<sup>32</sup> Markaðsstofa Reykjaness. (2018). Áfangastaðurinn Reykjanes. Þróun ferðamála í sátt við náttúru og samfélag 2018-2021. Sótt 15. ágúst 2019, af [https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/msr-afangastadaaaetlun-reykjaness\\_webpdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/msr-afangastadaaaetlun-reykjaness_webpdf)

<sup>33</sup> Ferðamálastefna Reykjanesbæjar. Greinargerð 16. maí 2017. Sótt 14. ágúst 2019, af [https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf\\_skjol\\_allir/ferdamalastefna-reykjanesbajar\\_nyrri.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/ferdamalastefna-reykjanesbajar_nyrri.pdf)



samgangna á svæðinu þar sem samgönguþróun, hvort sem um er að ræða almennar samgöngur, hjóla- eða göngustíga, muni hafa áhrif á þróun ferðaþjónustu á svæðinu. Reykjanesbær vill vera fjölskylduvænn fyrir bæði íbúa og ferðamenn. Áhersla er lögð á að heimamenn upplifi sig sem gestgjafa og að þeir geti notið umhverfis og viðburða á sama hátt og gestir. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram að Reykjanesskagi eigi að vera aðgengilegur fyrir mikinn fjölda fólks og að umgjörð skipulags miði að því að uppbyggingu atvinnustengdrar starfsemi tengdri ferðaþjónustu s.s. flugvallarstarfsemi og flugtengdri þjónustu<sup>34</sup>.

### Erlendir ferðamenn í Reykjanesbæ

Sumarið 2018 var gerð könnun um ferðavenjur erlendra ferðamanna Reykjanesbæ. Könnun var samstarf Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu, sem birti niðurstöðurnar í samantektarskýrslu<sup>35</sup>. Við úrvinnslu könnunarinnar var stuðst við upplýsingar um brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og gögn úr landamæraökönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands til að áætla fjölda ferðamanna í Reykjanesbæ sumarið 2018. Talið er að 568 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Reykjanesbæ á árinu 2018, að um helmingur (54%) þeirra hafi komið á tímabilinu maí-september og 36% á tímabilinu júní-ágúst. Þessar tölur gefa til kynna að árstíðasveifla í fjölda ferðamanna sé minni en í hinum bæjarfélögnum þremur þar sem hlutfall af áætluðum fjölda ferðamanna sem kom í hvert þeirra á tímabilinu maí-september var á bilinu 64-83%.<sup>36;37;38</sup>

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að flestir svarendur í Reykjanesbæ höfðu komið þangað sökum nálægðar við flugvöllinn og Bláa Lónið og að viðkoma í bænum hefði verið hluti af lengri ferð um landið. Hlutfall dagsferðamanna (52%) og ferðamanna sem gistu í Reykjanesbæ (48%) var nokkuð jafnt. Meðaldvalarlengd

dagsferðamanna í Reykjanesbæ var 5,8 klukkustundir en þeir sem gistu dvöldu að jafnaði tæpa 29 klukkustundir í bænum. Vinsælasta afþreyingin var að fara í náttúruböð, safnaheimsóknir, hvalaskoðun og að smakka mat úr héraði. Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring reyndust vera 18.400 krónur en veitingar og matvara voru hæstu útgjaldaliðirnir. Rúmlega helmingur svarenda (52%) sagðist vera líklegur til að mæla með Reykjanesbæ, einkum vegna fegurðar staðarins, staðsetningar og góðs viðmóts heimamanna. Þeir sem ekki mæltu með Reykjanesbæ eða tóku ekki afstöðu sögðu flestir að of lítið væri um að vera í bænum og að skortur væri á framboði á þjónustu og afþreyingu.

### Viðhorf heimamanna í Reykjanesbæ

Í niðurstöðum könnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017 voru niðurstöður teknar saman fyrir Reykjanes og birtar í sérstakri samantektarskýrslu<sup>39</sup>. Almennt sýndi þessi könnun að íbúar á Reykjanesi telja ferðaþjónustu á svæðinu hafa mikið efnahagslegt vægi fyrir samfélagið. Jafnframt sýndu niðurstöðurnar að fjölbreytileiki í mannlífi og atvinnulífi hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið og var atvinna ásamt tekjöflun það jákvæðasta við ferðaþjónustu að mati heimamanna á Reykjanesi. Þá voru Reyknesingar sáttari en margir aðrir landsmenn við samfélagsbreytingar sem hafa orðið vegna ferðamanna. Fátt benti til þess að Reyknesingar hefðu mikilar áhyggjur af fjölda ferðamanna á svæðinu á sumri og vetri. Þótt heimamenn yrðu oft varir við ferðamenn hefðu trúflanir á daglegt líf heimamanna af hálfu ferðamanna aðeins verið minniháttar. Reyknesingar fundu lítið fyrir áhrifum ferðamanna á verslun og þjónustu á svæðinu. Þannig fundu Reyknesingar minnst allra landsmanna fyrir því að ferðamenn hefðu takmarkað aðgengi þeirra að þjónusta og fundu einnig síður fyrir því en landsmenn að ferðamenn hefðu eftt verslun á svæðinu. Neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar snéru að mati Reyknesinga að aukinni umferð, einkum á Reykjanesbraut, umgengni ferðamanna og átroðningi á náttúru.

<sup>34</sup> Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030. Greinargerð mars 2017. Reykjavík: Kanon.

<sup>35</sup> Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019a). *Erlendir ferðamenn í Reykjanesbæ sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-reykjanesbaer-2018x.pdf>)

<sup>36</sup> Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019b). *Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-stykkisholmur-2018.pdf>)

<sup>37</sup> Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019c). *Erlendir ferðamenn á Egilsstöðum sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-egilsstadir-2018.pdf>)

<sup>38</sup> Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019d). *Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-husavik-2018.pdf>)

<sup>39</sup> Eyrrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á Reykjanesi til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmf.is/static/research/files/reykjanespdf>)

## FERÐAMANNABÆRINN REYKJANESBÆR – FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA

Í viðtölum við íbúa kom fram að ferðaþjónusta í Reykjanesbæ væri í sterkum tengslum við millilandaflug á Keflavíkflugvelli. Íbúar töluðu um að Reykjanesbær væri ekki dæmigerður ferðamannabær, heldur var talað um hann sem flugvallarbæ og lýstu íbúar því að bærinn væri – og hefði löngum verið – fyrst og fremst viðkomustaður fólks til einnar nætur á leið inn og út úr landinu. Ferðaþjónustan í kringum það tengist því mikið til gistingu, matvöruverslunum og bílaleigum. Í öllum viðtölunum kom fram að umferð ferðamanna hefði streymt framhjá bænum til Reykjavíkur og/eða í Bláa lónið. Nefnt var að stundum haldi ferðamenn að þeir séu komnir til Reykjavíkur þegar þeir lenda á Keflavíkflugvelli þar sem tilkynningar til ferðamanna s.s. á upplýsingaskjám flugvalla og farseðlum gefi til kynna að flogið sé beint til Reykjavíkur. Innfæddir og íbúar sem höfðu búið í bænum um langt skeið töluðu um að hugmyndin um að fá ferðamenn í bæinn væri ekki gömul og töldu þeir að aðeins örlítið brot af þeim fjölda ferðamanna sem streymi framhjá komi inn í bæinn. Samt sem áður voru allir viðmælendur sammála um að flugstöðin/flugvöllurinn og þjónusta við flugfarþega og loftför hefðu skapað mjög mörg störf fyrir íbúa á Reykjanesi og að starfsemin í flugstöðinni setti mikinn svip á samfélagið. Bent var á að ferðaþjónustan í bænum og flugvöllurinn, þar sem milljónir farþega fóru í gegnum á síðasta ári, væru það ólík að hugsa þyrfti um það hvort í sínu lagi.

### FLUGSTÖÐIN SKAPAR MIKLA ATVINNU

„Þetta er bara eiginlega ekki ferðamannabær, þannig lagað. En náttúrulega flugstöðin er hérna sem er tekjulind 70% íbúa sem vinna hjá Icelandair og Isavia og flugstöðinni. En þetta er einhvern veginn samt svolítið utan við bæjarfélagið. Mér finnst alltaf við þurfum að tala um það í sitthvoru lagi, ferðamenn sem koma og heimsækja bæinn eða flugstöðina.“

*Jóhanna (R8)*

### FERÐAMENN STALDRA STUTT VIÐ Í FLUGVALLABÆJUM

„Við erum fyrsta stopp og síðasta stopp. Ferðamennirnir eru að koma hérna og skila bílaleigubílunum og annað, eru að fara í flug og gista kannski síðustu nóttina. Það er svona mín tilfinning en ég hef svo sem í sjálfu sér ekkert fyrir mér í því. Það er svona fyrsta og svo kannski næsta er að við erum með flugstöðina en við erum samt ekki að fá ferðamennina hingað. Bara alveg eins og þú ferð til útlanda. Þú ert ekkert að hugsa um bæinn sem flugvöllurinn er í. Þú ferð bara á þinn fyrsta gististað. Ég held að við séum svolítið að glíma við þetta. Ég meina, þú ferð til útlanda, þú lendir á einhverjum flugvelli, þú ert að fara inn í borgina þar sem þú ætlar að gista. Við erum kannski svolítið týpískur bara svona flugvallarbær í augum ferðamannsins myndi ég halda.“

*Sigrún (R1)*

### FERÐAMENN HALDA STUNDUM AÐ ÞEIR SÉU KOMNIR TIL REYKJAVÍKUR

„Það er lögð ofuráhersla á að koma öllum inn til Reykjavíkur. Ferðamenn halda að þeir séu komnir til Reykjavíkur. Svo er bara hálf tíma eða þriggja kortera akstur eftir. Allar auglýsingar hljóða upp á það að þú sért kominn til Reykjavíkur. Hérna fáum við bara molana. Þó það hafi aukist. Fólk er að leita og sér fyrir sér að þarna er flugstöðin og þarna er Reykjavík á korti. Þá fer það kannski aðeins að hugsa.“

*Magnús (R7)*

### FERÐAMENN KOMA TIL AÐ GISTA EN EKKI TIL AÐ SKOÐA BÆINN

„En maður hefur allavega á tilfinningunni að þarna eins og á Suðurlandinu og því svæði að þar er náttúrulega fólk að gera sér ferð til að skoða eitthvað sérstakt. En hérna er kannski meira að vera kannski eina nótt í upphafi eða enda ferðar. Þetta er náttúrulega nálægt flugvöllinum og Bláa lóninu.“

*Kristján (R6)*

## Vilja efla Reykjanesbæ sem áfangastað fyrir ferðamenn

Í frásögnum allra viðmælenda kom fram að ferðaþjónustan í bænum snúist mikið um gistingu og veitingar en auk þess væru margar bílaleigur með starfsemi í og við flugstöðina. Viðmælendur voru eindregið á þeirri skoðun að Reykjanesbær ætti mikið inni þegar kemur að uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustu og að gera þyrfti enn meira til þess að fá ferðamenn til að koma inn í bæinn. Fram kom að Reykjanesbær hefði ekki tiltekið aðdráttarafl sem ferðamenn sem koma til Íslands megi ekki missa af. Margir höfðu samt velt því fyrir sér hvað væri fyrir ferðamenn að gera í bænum og fannst þeim afþreyingarmöguleikar í sjálfum bænum vera of fáir. Nefnd voru nokkur safnahús í bænum sem ferðamenn kynnu að hafa áhuga á en það væri ekki nóg. Þá vildu nokkrir viðmælendur sjá sveitarfélagið taka það fastari tökum að fá ferðamenn til að stoppa lengur á svæðinu.

## Reykjanes náttúruperla sem íbúar eru hreyknir af

Í viðtölunum kom fram að Reykjanes væri spennandi kostur fyrir ferðamenn og voru heimamenn sannfærðir um að þeir sem gefi sér tíma komist fljótt að því að Reykjanes væri fögur náttúruperla sem svíki engan. Var bent á að stutt væri í áhugaverða staði og náttúrulegt umhverfi utan við bæjarfélagið, svo sem. Gunnhver, Brúin milli heimsálfa, fjaran við Garð og Reykjanesviti. Heimamenn áttu það sammerkt að vera stoltir af svæðinu og vildu að upplifun ferðamanna væri góð.

### AUKIN ÁHERSLA Á REYKJANESIÐ JÁKVÆÐ FYRIR REYKJANESBÆ

„Það hefur svona aðeins aukist með því að vera að markaðsetja meira Reykjanesið. Fyrir svona 3-4 árum þá var enginn að heimsækja Reykjanesið. Nú er þetta orðinn einn af þessum stöðum til að heimsækja. Fólk fer að heimsækja Reykjanesið og Garð og Sandgerði. Garður er með eina af fáum hvítandströndum, flottur viti og eitthvað svona. Það held ég að gæti verið til að stoppa kannski eina nótt áður við förum heim, auðvelt að komast upp á flugvöll og taka einhvern svona túr um Reykjanesið.“

*Katrín (R2)*

### FERÐAÞJÓNUSTAN Á SVÆÐINU GANGI ÚT Á AÐ KOMA FÓLKI Í BURTU SEM FYRST

„Okkar ferðaþjónusta kannski stuðlar að því að hjálpa túristunum að komast sem fyrst frá bæjarfélaginu. Við reddum þér bíl alveg upp við flugstöðina og þú getur skilað honum alveg upp við flugstöðina!“

*Jóhanna (R8)*

### MÁTTLAUS MARKAÐSSETNING

„Mér finnst Reykjanesbær ekki standa sig í því að kynna sjálfan sig sem... afsakaðu að ég sletti yfir á ensku – svona „feasible option“ fyrir þá sem eru að stoppa hérna. Hvorki Reykjanesbær né Isavia eru að sinna þessu. Það sem er á svæðinu og er að gera þetta er Bláa lónið og svo var eitt lítið fyrirtæki sem var að fókusera á Reykjanesbæ og á Garð, Sandgerði og Grindavík.[...] Þannig að það sem ég meina með andleysi, þá er það akkúrat þetta: Það vantar meiri kynningu á svæðinu og meira svona túristattraksjón sem myndi gera það að verkum að ferðamenn myndu stoppa á svæðinu.“

*Einar (R4)*

### FINNUR AÐSÓKN AUKAST Á ÁKVEÐNUM STÖÐUM

„Reykjanesið er alveg magnað náttúrulega. Og svo er að fara þarna þar sem heimsálfurnar skiptast. Það er voða vinsælt. Það er eins og útlendingarnir séu komnir á tunglið. Þú veist, umhverfið er þannig. Þessi Gunnhver og allt þetta er orðið þínu „in“, þannig að það er verið að skoða þetta. Ekki kannski eitthvað mikið en alveg samt. Ég fór þarna í sumar og það var alveg fullt af útlendingum að skoða þennan stað.“

*María (R5)*

### REYKJANESIÐ FALLEGT SVÆÐI

„En þetta er ótrúlega fallett svæði hérna, maður gerir sér grein fyrir því. Það er stutt að fara bara aðeins í átt að Grindavík eða inn í Garð eða eitthvað. Það er margt að sjá hérna en ekki kannski mikið eins mikið auglýstir ferðamannastaðir eins og margir aðrir.“

*Ólafur (R3)*



## VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


### Hæfilegur fjöldi á sumrin og á veturna

Flestir íbúar Reykjanesbæjar sögðu í símakönnun að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur á svæðinu bæði á sumrin og á veturna. Um það bil sjö af hverjum tíu íbúum Reykjanesbæjar töldu fjölda ferðamanna hæfilegan á svæðinu á sumrin en rétt um tveir af hverjum tíu fannst fjöldinn heldur eða of mikill. Rétt um sex af hverjum tíu íbúum sögðu að fjöldinn væri hæfilegur á veturna en þremur af hverjum tíu fannst ferðamenn vera heldur eða allt of fáir. Afar lítil munur var á svörum íbúa ef horft er til bakgrunnspáttta en helst mátti sjá að íbúar sem höfðu búið í bænum lengur en 30 ár virtust finna minna fyrir fjölda ferðamanna í bænum á sumrin en aðrir hópar.

Nokkur munur var á viðhorfi íbúa Reykjanesbæjar til fjölda ferðamanna samanborið við Stykkishólm, Húsavík og Egilsstaði. Afstaðan um hæfilegan fjölda ferðamanna í heimabyggðinni bæði á sumri og vetri var langmest afgerandi í Reykjanesbæ. Í hinum bæjarfélögunum þremur greindist meiri sveifla í viðhorfum milli árstíða og var algengara þar að íbúum myndist fjöldinn heldur eða of lítill að vetri til. Þetta bendir til þess að dreifing í fjölda ferðamanna yfir ári sé jafnari í Reykjanesbæ en á hinum stöðunum þar sem búast má við meiri árstíðasveiflu í komum ferðamanna.

### Lítill munur á viðhorfum íbúa í Reykjanesbæ og annars staðar á Reykjanesi

Samanburður á svörum íbúa Reykjanesbæjar við vör íbúa á Reykjanesi í landskönnun 2017 leiddi í ljós lítinn mun á viðhorfum til fjölda ferðamanna á sumri og vetri. Í landskönnun kom fram að meirihluti íbúa á Reykjanesi taldi ferðamenn vera hæfilega marga á sumrin og að vetri. Íbúum á Reykjanesi fannst síður en öðrum landsmönnum ferðamenn vera of margir á sumrin og voru líklegri en aðrir til að finnast fjöldinn hæfilegur á veturna.




### Pláss fyrir fleiri ferðamenn

Niðurstöður símakönnunar leiddu í ljós að meirihluti íbúa (65%) í Reykjanesbæ taldi bæinn geta rúmað fleiri ferðamenn. Af bæjarfélögunum fjórum var hlutfall svarenda sem svo sagði um sína heimabyggð eingöngu hærra á Egilsstöðum (71%). Tæplega 30% svarenda sögðu að Reykjanesbær geti ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum við núverandi aðstæður sem er svipað hlutfall og á Húsavík (31%) og í Stykkishólmi (29%) en það var lægst á Egilsstöðum (22%).

## ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA

### Ferðamenn skera sig ekki úr

Í símakönnun sögðust um það bil átta af hverjum tíu íbúum í Reykjanesbæ verða nær daglega varir við ferðamenn í bænum. Ef horft er til niðurstaðna landskönnunar 2017 virðast íbúar í bænum hafa sjaldnar orðið varir við ferðamenn í heimabyggðinni en íbúar almennt á Reykjanesi. Í viðtölunum kemur einmitt fram að þrátt fyrir að mikið sé af ferðamönnum bænum þá séu þeir ekki áberandi. Bent var á að íbúum í sveitarfélaginu hafi fjölgað mjög hratt síðustu ár og að hlutfall íbúa af erlendum uppruna væri með því hæsta á landinu. Það væri því ekki alltaf auðséð hver sé íbúi og hver ferðamaður ef fólk vildi velja því fyrir sér. Flestum kom saman um að helst væri að sjá ferðamenn gangandi á Hafnargötu þar sem nokkra gististaði og verslanir er að finna. Nokkrir sögðust gjarnan rekast á ferðamenn í kringum matvöruverslanir á Fitjum og sögðu að þeir væru orðnir algeng sjón snemma á morgnana. Enn aðrir töluðu um að ferðamenn væru mest í kringum gististaði í bænum og að þar væri yfirleitt töluverður fjöldi, bæði einstaklingar og hópar. Þá var bent á að ferðamenn í leit að heimagistingu inni í hverfum hefði þar til fyrir skemmstu verið óalgeng sjón og hefði í raun verið óhugsandi á árum áður.



### ÞEKKJA EKKI FERÐAMENN ÚR

„Reyndar búa hérna 25% útlendingar í Reykjanesbæ þannig að það eru alls staðar útlendingar. Við vitum ekkert hvort það eru heimamenn eða gestir. Þetta er bara orðið svona og maður þælir ekkert í því.“

Magnús (R7)

### MORGUNTRAFFÍKIN VIÐ KRÓNUNA

„Það er iðulega biðröð fyrir utan Krónuna klukkan 8 á morgnana. Það eru þeir sem koma með fyrsta fluginu. Þá eru þeir að kaupa sér eitthvað til að éta áður en þeir fara af stað. Og kaffibollann. Og Krónan opnar fyrst.“

Magnús (R7)

### FERÐAMENN SJÁST Á VAPPI Á HAFNARGÖTU

„Maður tekur eftir ferðamönnum kannski bara eins og á Hafnargötunni. Maður sér þá bara á vappinu og á veitingastöðum og eitthvað svoleiðis sko en þeir eru ekki að gera neitt sérstakt. Ég vinn á Hafnargötunni og á hverjum degi sér maður einhverja ferðamenn þarna. Það er ekkert meira áberandi á sumrin heldur en á veturna finnst mér. Maður svona, jú, jú, verður alveg var við ferðamenn á hverjum degi en þetta er voða lítið og krúttlegt.“

Kristján (R6)


### HÓPARNIR KOMA Á HÓTELIN SÍÐDEGIS

„Það kemur einstaka sinnum fyrir að ég sé einn, tvo, þrjá ferðamenn rölta yfir daginn sem er kannski eitthvað sem ég mundi vilja sá mikið meira af. En þegar ég sé þessa hópa þá er það yfirleitt nær kvöldmatartíma eða eftir kvöldmat þegar rúturnar eru að koma, með hópana á hótelin á svæðinu, einmitt út af því að hótelin í Reykjavík eru fullbókuð.“

Einar (R4)

## Ónæði af ferðamönnum ekki vaxið

Í símakönnun kom fram að sjö af hverjum tíu svarendum í Reykjanesbæ höfðu ekki orðið fyrir meira ónæði í daglega lífinu en áður sem er ívið lægra hlutfall samanborið við svör íbúa á Reykjanesi í landskönnun 2017 (76%). Tæp 25% svarenda sögðu ferðamenn valda meira ónæði í daglega lífinu en áður. Engan marktækan mun var að finna á svörum mismunandi hópa innan Reykjanesbæjar fyrir utan að eftirlaunaþegar voru ólíklegastir til að hafa fundið auknið ónæði af ferðamönnum. Íbúar sem höfðu ekki orðið fyrir auknu ónæði í daglega lífinu voru hlutfallslega fleiri í Reykjanesbæ en í Stykkishólmi, á Egilsstöðum og Húsavík og var sá munur marktækur. Enginn þeirra íbúa sem rætt var við hafði orðið fyrir ónæði vegna ferðamanna. Sumir höfðu heyrt dæmi þess að aðrir íbúar hefðu orðið fyrir ónæði vegna ferðamanna í leit að heimagistingu, s.s. þegar ferðamenn koma beint úr flugi um miðjar nætur með ferðatöskur í eftirdragi. Í verstu tilfellunum hafi ferðamenn verið í leit að tilteknum gististaði í Reykjavík án þess að átta sig á að þeir séu að reyna að komast inn í rangt hús í röngu bæjarfélagi. Bent var á að slíkar upptakomur hljóti að vera óþægilegar fyrir viðkomandi heimamenn, einkum ef þær hefðu ítrekað átt sér stað.



## Eiga lítil samskipti við ferðamenn en fúsir að veita aðstoð

Í Reykjanesbæ sögðust 55% íbúa eiga vikulega samskipti við ferðamenn á sumrin, þar af sögðust 26% íbúa eiga í samskiptum við ferðamenn daglega. Líkt og í hinum bæjarfélögum líkaði langflestum íbúum Reykjanesbæjar frekar (40%) eða mjög vel (45%) að eiga samskipti við ferðamenn. Það kom einnig í ljós að nær allir svarendur, eða 87% sögðust vera fúsir til að veita ferðamönnum aðstoð til að bæta upplifun þeirra. Í viðtölunum kom líka skýrt fram að flestum íbúunum þótti ánægjulegt að eiga samskipti við ferðamenn og sögðust flestir vera reiðubúnir til þess að hjálpa. En oftast reyndust samskiptin þó takmarkast við það að vísa til vegar eða til annars konar leiðbeiningar. Einn viðmælandi sagðist þó reyna vera duglegur að benda ferðamönnum á ýmislegt nytsamlegt hefði hann til þess tækifæri s.s. að það væri óhætt að drekka kranavatn á Íslandi.

### ENGINN NÚNINGUR VEGNA FERÐAMANNA

„Ég hef ekki orðið var við neinn svona núning, ekki eitthvað sem snertir mig sko. Þú veist, þetta er ekki yfirþyrmandi eða þannig séð að það einhvern veginn pirri mann eða eitthvað svoleiðis. Þá er ég að tala um ferðamennina sjálfa. Að þessi ferðamennska sem er í gangi hérna hefur lítil áhrif svona á mitt daglega líf. Þó ég gjarnan fari út að borða hérna og svoleiðis þá finn ég ekkert fyrir því þó það sé mikið af túristum.“

Ólafur (R3)

### VILLTIR FERÐMENN GETA VALDIÐ PIRRINGI

„Þegar fólk veit ekki hvar það er og er að lemja upp kannski fullt af húsum. Það er mjög pirrandi fyrir nágrannana. Það er maður hérna niðri á Kirkjuvegi, rétt við kirkjuna. Hann fær, liggur við, á hverri nóttu fólk en það er Kirkjuvegur í Reykjavík líka og fólk er að fara þangað. Flugvöllurinn hér er stundum kallaður Reykjavík Airport. Þú heldur að þú sért að fljúga til Reykjavíkur þegar þú lendir í Keflavík. Og svo skilurðu ekkert í því hvað þú ert fljótur að komast í náttstað. Það stendur kannski klukkutími frá flugvöllum í GPS-inum en svo ertu bara 5 mínútur að keyra. Það setur bara Kirkjuveg í GPS-tækið en ekki hvar og mætir bara og lemur svo húsið að utan og svo næsta hús líka. Vandamálið með Airbnb er einmitt að fólk tekur feil á húsum og vekur nágrannana og þá verður menn pirraðir, það gefur augaleið. Svo ef húsin eru læst og engin lyklabox þá kemst fólk ekki inn og lemur allt sem það getur lamið upp af því að það ætlar að koma hérna. „Ég á bókað hér, ekkert múður!“

Magnús (R7)

## Flugumferð truflar suma en nálægð við flugvöllinn hefur sína kosti

Mikil flugumferð setur óneitanlega mikinn svip á bæjarlandslagið. Sumir viðmælenda sögðust ekkert heyra í flugvélunum á leið upp úr flugtaki eða inn til landingar en aðrir sögðu að vel heyrðist í þeim á vissum stöðum í bænum og þessi hávaði gæti vissulega truflað suma. Var þó á það bent að flestir, ef ekki allir, sem búi í Reykjanesbæ viti þetta vel og sýni því skilning enda tengdist þetta aukna flug lífsviðurværi margra. Þeir sem lengst höfðu búið í bænum mundu vel að herþotur Bandaríkjahers hefðu verið enn háværari á sínum tíma.

Viðmælendur lögðu ríka áherslu á kosti þess að búa jafn nálægt alþjóðflugvelli og raun ber vitni. Aðeins tæki örfáar mínútur að láta skutla sér á flugvöllinn og spennandi áfangastaðir erlendis væru aðeins í örfárra klukkustunda fjarlægð frá heimilinu. Bentu sumir á að ferðalag til áfangastaða erlendis væri stundum bæði auðveldara og ódýrara en ferðalag innanlands.

### VERÐA AÐ SÆTTA SIG VIÐ HÁVAÐANN

„Við verðum ekkert vör við flugvöllinn nema hávaðann í flugvélunum. Það er nú alveg nóg. Þær fljúga hérna yfir hausinn á okkur seinni partinn. Við verðum að sætta okkur við það. Ef þær myndu ekki fljúga þá væri ekkert að gera. En þær hafa mikið lægra heldur en herþoturnar. Þær voru sko alveg hrikalegar. Þær fóru sömu leiðir og dúndruðu á okkur fretinu hérna alveg hreint svoleiðis. Það heyrðist ekki mannsins mál þegar þær fóru hérna upp.“

*Magnús (R7)*

### FLUGVÉLADRUNURNAR NÝJU PENINGAHLJÓÐIN

„Þetta eru bara nýju gúanóin. Þú veist, það er bara svona. Ef einhver bara vogar sér að vera með eitthvað röfl yfir flugvélalátum eða þú veist, þá er bara fólk minnt á það: „Heyrðu, manstu þegar það var skítafýla yfir bæjarfélaginu allt árið um kring og við töluðum um þessa peningalykt? Þetta eru peningahljóðin.““

*Jóhanna (R8)*

### HEYRIR EKKI Í FLUGVÉLUM

„Ég finn nú ekki mikið fyrir því að hafa flugvöllinn sem nágretta. Það var eitt sumar þar sem var verið að gera við einhverja braut eða laga hana til þá flugu þeir hérna meira yfir. En annars heyri ég bara ekkert í þeim. Hann er bara þarna og þetta er vel einangrað húsnæði hérna uppi á Ásbrú þanngi að ég get ekki sagt að það trufli mig á neinn hátt.“

*Ólafur (R3)*

### EINFALDARA AÐ KOMAST TIL ÚTLANDA EN ÚT Á LAND

„Ég get bara farið hérna yfir í flugstöðina og þremur tímum síðar er ég komin til Osló eða hvert sem er. Það er styttra fyrir mig að fara til Glasgow en á Patreksfjörð.“

*Katrín (R2)*

### ALLUR HEIMURINN Í BOÐI

„Já það er náttúrulega bara algjör snilld þegar maður er að fara út og að koma heim þá er maður bara þrjár mínútur á milli. Svo náttúrulega eru flugin búin að vera ódýr og það er alveg mjög stór kostur við að búa hér. Það getur bæði verið sniðugra og hagstæðara að fara í helgarferð eitthvert til útlanda heldur en að fara til Reykjavíkur. Og einfaldara bara. Þetta er risastór kostur. Það er allt í boði.“

*Kristján (R6)*

### KOSTUR AÐ HAFNA FLUGVÖLLINN Í BAKGARÐINUM

„Þegar heimamenn fara í flug þá er bara einhver sem skutlar þeim. Það er svo þægilegt að vera með flugvöllinn í bara bakgarðinum sko. Við getum sofið aðeins lengur og það er bara einhver fimm mínútur að skutla manni sem er náttúrulega mjög nice.“

*Sigrún (R1)*

## ÁHRIF Á EFNAGAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU

### Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu ótvírætt

Enginn vafi lék á efnahagslegu mikilvægi ferðaþjónustu í hugum íbúa Reykjanesbæjar eins og sjá má í myndinni hér til hliðar. Eins var hlutfall íbúa sem sagði að ferðaþjónustan skapaði heilsárs störf í samfélaginu langhæst í Reykjanesbæ (92%). Þetta staðfestu viðmælendur í viðtölunum sem voru sammála um að þó svo að ferðamenn og starfsemi í ferðaþjónustu væri lítið áberandi í bænum þá væru bein tengsl milli fjölgunar ferðamanna til landsins og fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli. Íbúa Reykjanesbæjar greindi hins vegar á um það hvort hvort ferðaþjónustan hafi tekið til sín starfsfólk á kostnað annarra atvinnugreina í bænum. Í símakönnuninni kom fram að þrír af hverjum tíu töldu að aðrar atvinnugreinar gjaldi þess að fólk ráði sig til starfa í ferðaþjónustu en fimm af hverjum tíu voru á öndverðum meiði. Í viðtölunum kom fram að ríkur skilningur væri í samfélaginu á því að flugstöðin hefði skapað mikið af fjölbreyttum störfum á svæði þar sem atvinnuleysi var áður í hæstu hæðum. Þar fyrir utan töluðu viðmælendur mest um umfangsmikla starfsemi bílaleiga ásamt þjónustu og gistingu í bænum.

#### UMFANGIÐ EF TIL VILL MEIRA EN HEIMAMENN ÁTTA SIG Á

„Flugvöllurinn er náttúrulega risastór þannig að það eru ótrúlega margir sem eiga hagsmuni þar bara í atvinnu. Ef ekki væri fyrir ferðamennina þá væru þessi störf ekki í gangi. Og svo eru náttúrulega mjög margir með gistingu hérna. Ég held til dæmis að ég sjálf geri mér ekki grein fyrir hvað eru margir aðilar sem eru að bjóða gistingu á svæðinu, bæði heimagistingu og hótelin. Þannig að ég held að ferðaþjónustan sé töluvert stór í tengslum við atvinnu. Ég held að hún sé eiginlega stærri en maður kannski áttar sig á.“


*Sigrún (R1)*

#### FLUGVÖLLURINN MIKILVÆGUR VINNUSTAÐUR


„Kannski bara allt sem tengist flugvelliinum sko sem er mikilvægt. Það eru ótrúlega margir sem vinna upp í flugstöð og þar. En svo kannski að einhverju leyti þjónusta og kannski gisting hérna inni í Reykjanesbæ. En þetta er náttúrulega bara risastórt og kemur inn á ferðaþjónustuna. Bílaleigur til dæmis eru mjög umfangsmiklar hérna. Þú sérð bara síðustu árin að mörg auð svæði og iðnaðarsvæði sem bara bílaleigurnar eru búnar að yfirtaka og bara hundruðir bílaleigubíla hér og þar.“

*Kristján (R6)*

### Er ferðaþjónusta efnahagslega mikilvæg í þinni heimabyggð?



### Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum



### Aðgengi að þjónustu og verslun ekki endilega tengt við ferðaþjónustu

Það kom í ljós bæði í símakönnun og í viðtölum að heimamenn voru á báðum áttum um áhrif ferðaþjónustu á aðgengi heimamanna að verslun og þjónustu í Reykjanesbæ. Meira en helmingur svarenda símakönnunar taldi ferðaþjónustuna hvorki hafa jákvæð né neikvæð áhrif á aðgengi íbúa að þjónustu í bænum en um það bil þriðjungur sagði ferðaþjónustu hafa jákvæð áhrif. Nokkrir viðmælendur töluðu um veitingastaði í bænum en óljóst var hvort bæði úrval og afkoma þeirra réðist meira af viðskiptum við heimamenn eða ferðamenn. Viðmælendum kom ekki saman um hvort ferðamenn, heimamenn – eða báðir hópar sæktu veitingastaði lítið, mikið eða alls ekki. Einnig voru skiptar skoðanir um það hvort ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif (52%) eða engin áhrif (40%) á aðgengi íbúa að verslun. Viðmælendur í Reykjanesbæ höfðu efasemdir um að ferðamenn versli mikið í bænum fyrir utan matvöru og sumir höfðu á tilfinningunni að almenn verslun hefði dregist saman í bænum. Sem dæmi lýsti starfsmaður í verslun einni á Hafnargötu því að ferðamenn komi helst í búðina til að fá upplýsingar um hvað sé hægt að gera í bænum en ekki til að versla. Í símakönnun var jákvæð afstaða til áhrifa ferðaþjónustu á almenn lífskjör íbúa nokkuð afgerandi en í viðtölum var bent á að heimamönnum þyki sjálfsgott að hafa gott aðgengi að verslun og þjónustu í bænum og þeir leiði sjaldnast hugann að því hvort það sé komið til vegna ferðamennsku.

#### FERÐAMENN LÍTIÐ AÐ VERSLA

„Ég held að ferðamenn séu ekkert að koma og versla í bænum. Þeir kannski fara inn í einhverjar búðir á Hafnargötunni til að skoða eða spyrja hvað er hægt að gera. Það er náttúrulega ofboðslega mikið af fólki sem lendir og er í biðstöðu uppi á flugvelli og hefur kannski sólarhring eða búið að vera seinkun og eitthvað svoleiðis.“


María (R5)

#### KANNSKI MINNA ÚRVAL EF EKKI VÆRI FYRIR FERÐAMENN

„Maður hefur kannski alveg tilfinningu að það sé nú eitthvað streymi af ferðamönnum hingað inn í bæinn og það kannski hjálpar til við að hafa fleiri veitingastaði opna hérna í bænum. Og auðvitað nýttir maður sér það. Fara út að borða eða pikka upp mat. Maður hefur svona á tilfinningunni að það væri ekki jafn mikið úrval ef það væru engir ferðamenn hérna.“

Kristján (R6)

### Mat á áhrifum ferðaþjónustu á nokkra þætti í Reykjanesbæ



#### HEIMAMENN SPYRJA SIG EKKI HVORT ÞJÓNUSTAN SÉ VEGNA FERÐAMANNA

„Krónan opnar hérna klukkan 8 á morgnana. Það er bara af því að túristarnir eða þeir sem eru að ferðast eru að kaupa sér mat áður en þeir fara af stað. Þeir bregðast bara við því. Það er þjónusta hérna. Og íbúarnir njóta góðs af því. Það eru tvær Bónusbúðir hérna og ein Króna, risastór Króna hérna meira að segja og Nettó líka. Þetta hefur bara góð áhrif á okkur. Það hefur frekar jákvæð áhrif heldur en hitt sko. Svona þessir hlutir sem maður kannski áttar sig ekki á að eru vegna túrismans. Þú veist, eins og að Krónan opnar klukkan 8. Það er þá bara eitthvað sem fólki þykir gott og er kannski ekkert endilega að hugsa um af hverju. Svo er hún er með opið til kl 8 á kvöldin. Þetta er 8 til 8. Ég held að hún opni ekki svona snemma í Kópavoginum.“

Ólafur (R3)

#### VEITINGASTAÐIR LIFA MEST Á FERÐAMÖNNUM

„Það er alltaf verið að reyna að stofna einhver fyrirtæki og veitingastaði og kaffihús sem allt fer og stoppar ekkert lengur en árið. Og það er bara út af því að við erum ekki nógu mörg í þessa þjónustu sko. Ég veit ekki hvort það séum við Íslendingar eða hvort það er þessi smábæjarbragur í okkur að við drekkum bara kaffið okkar heima hjá okkur. Við erum voða lítið að fara út. Það hefur alltaf í mesta lagi gengið einn, tveir veitingastaðir í bæjarfélaginu en alveg tonn af skyndibitastöðum og lúgusjoppum.“

Jóhanna (R8)

## Heilbrigðisþjónustan ræður ekki við fjölgun ferðamanna

Í símakönnuninni var spurt um álag á ýmsa þjónustuðila vegna aukins fjölda ferðamanna og má sjá niðurstöður úr öllum bæjarfélögum fjórum hér til hliðar. Meirihluti svarenda í Reykjanesbæ var þeirrar skoðunar að björgunarsveitir, lögreglan og sveitarfélagið hefðu ráðið vel við fjölgun ferðamanna á svæðinu. Íbúar í Reykjanesbæ voru langlíklegastir til að telja að verslanir hefðu ráðið vel við fjölgun ferðamanna. Sjö af hverjum tíu íbúum taldi heilbrigðisþjónustu í Reykjanesbæ ekki ráða við fjölgun ferðamanna í bænum. Svör íbúa Reykjanesbæjar um þann þátt voru afar ólík svörum íbúa hinna bæjarfélaganna. Af þeim þjónustuaðilum sem spurt var um í símakönnun töluðu viðmælendur í Reykjanesbæ helst um sveitarfélagið og verslanir. Frásagnir viðmælenda gáfu til kynna að sveitarfélagið hafi staðið sig vel í skipulagsmálum og höfðað til íbúa og heimamanna vandræðalaust. Í viðtölunum var lítið rætt um heilbrigðisþjónustuna í tengslum við ferðamenn en bent var á að álag á heilsugæslu hefði verið viðvarandi vandamál í bænum sem aðeins hefði undið upp á sig með auknum íbúafjölda.

### ÁNÆGJA MEÐ ÚRLAUSNIR SEM VIRKA

„Það er kominn hjólréiðastigur frá bænum upp í flugstöð. Þú sérð það þegar maður kemur þarna að hringtorginu rétt áður en maður beygir í áttina að vellinum, það er bara hjólréiðagangstéttin gengur þarna upp. Hún kemur einhvers staðar þarna úr bænum og liggur upp á völl sko. Sem er mjög gott sko. Það eru alls konar hlutir sem er verið að gera hér greinilega sem eru sniðugir sem ég hafði bara ekkert tekið eftir. Og þetta er bara tiltölulega nýlegt.“

Ólafur (R3)

### ÚRVALIÐ GOTT

„Ég held að við séum með fleiri apótek per höfðatölu heldur en mörg önnur bæjarfélög á landinu. Stórmarkaðir eru skiljanlega út af nálægð við flugvöllinn og út af því að ferðamenn eru meira á einkabílum og svoleiðis.“

Einar (R4)

### Hversu vel eða illa finnst þér eftirtaldir aðilar ráða við fjölgun ferðamanna í þinni heimabyggð?







## ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ

### Heildaráhrif ferðapjónustu jákvæð


Niðurstöður símakönnunarinnar benda til þess að á heildina litið telji íbúar Reykjanesbæjar ferðamennsku og ferðapjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagið og búsetuskilyrðin á svæðinu. Þetta er í takti við niðurstöður landskönnunar 2017 og rímar einnig vel við niðurstöður frá hinum bæjarfélögum þremur. Meirihluti íbúa í Reykjanesbæ taldi ferðapjónustu bæta lífsgæði heimamanna og hafa jákvæð áhrif á samfélagsandann.



Flestir svarendur töldu ferðapjónustu ekki hafa áhrif á aðstöðu til útivistar/frístundaiðkunar. Viðhorfin voru tvískipt varðandi áhrif á framboð á menningarviðburðum og skemmtunum þar sem fjórir af hverjum tíu svarendum sögðu að ferðapjónustan hefði haft jákvæð áhrif en fimm af hverjum tíu sögðu ferðapjónustuna ekki hafa áhrif á framboð menningarviðburða og skemmtana. Þessi mismunandi sjónarmið komu einnig fram í viðtölunum. Sumir viðmælendur sáu fyrir sér að mestu áhrif ferðapjónustunnar fælust í afkomu heimamanna því margir hafi tekjur af ferðamönnum. Breytingar í fjölda ferðamanna til landsins hefðu því bein áhrif á afkomu þeirra.



### Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum



### FÆKKUN FERÐAMANNA GETUR HAFT VIÐTÆK ÁHRIF

„Mikið af okkar kúnum eru heimamenn og það eru ekki margir ferðamenn sem koma. En kannski ef ferðamönnum myndi fækka þá yrði kannski minna um pening í samfélaginu. Ég man sérstaklega eins og mars og apríl 2018 þá var rosalega lítið af ferðamönnum og við fundum það bara strax á viðskiptunum hér í búðinni. Það er bara eins og fólk hafi ekki verið með þessa auka peninga til að versla fyrir. Ég þæli svolítið í þessu og af hverju var svona rólegt í mars og apríl. Páskarnir voru svo snemma og það varð eitthvað fall hérna. Ég var að tala við nokkra fyrirtækjaeigendur og þeir voru að tala um það sama. Af því að það vantar svo mikið af ferðamönnum og þá sáum við bara koma minna í kassann.“

*Katrín (R2)*



## Keflavíkurflugvöllur stór áhrifavaldur fyrir samfélagið

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli var sem rauður þráður í viðtölum við íbúa í Reykjanesbæ. Fram kom að umfang starfseminnar hefði stigmagnast og að samhliða fjölgun flugfarþega hefði flugstöðin orðið einn stærsti vinnustaður landsins. Þar væri mikið af fjölbreyttum störfum sem krefðust mikils mannafla. Viðtekið var að tekjumöguleikar væru góðir þar sem um vaktavinnu væri að ræða. Viðmælendur voru ekki í neinum vafa um að starfsemin í flugstöðinni hefði haft áhrif á atvinnulíf í Reykjanesbæ og aðliggjandi bæjarfélögum og út í samfélag heimamanna á Reykjanesi. Talað var um að margar fjölskyldur hefðu lifibrauð af starfseminni og að fjölgun íbúa í bænum undanfarin ár hefði að mörgu leyti verið í tengslum við starfsemina í flugstöðinni. Þeir viðmælendur sem höfðu búið mjög lengi í bænum töluðu um að síðustu 13 ár hefðu sveiflur í atvinnulífi sett mark sitt á samfélagið. Fyrst hefði fjöldi íbúa misst vinnuna þegar Bandaríkjaher lokaði herstöðinni árið 2006. Síðan hafi samfélagið tekið á sig fleiri högg, fyrst í efnahagshruninu haustið 2008 og enn aftur þegar væntingar um fyrirhugaða iðnaðaruppbyggingu í Helgúvík stóðust ekki. Greint var frá því að flugstöðin hefði tekið við keflinu í atvinnuuppbyggingu svæðisins og dregið verulega úr atvinnuleysi meðal íbúanna. Sumir viðmælendur vildu ekki hugsa það til enda hvernig staðan hefði orðið ef ekki hefði komið til fjölgunar ferðamanna á þeim tíma sem raunin varð. Þegar síðustu viðtölin fóru fram í Reykjanesbæ (lok nóvember 2018) var bág staða WOW Air og yfirvofandi uppsagna Airports Associates mikið í fréttum. Á þeim tíma voru endalok flugfélagsins ekki orðin ljós en í ljósi sögunnar voru viðmælendur uggandi yfir afleiðingum þess fyrir atvinnulífið og samfélagið.

### FLUGSTÖÐIN HELDUR HJÓLUM ATVINNULÍFSINS GANGANDI

„Þegar herinn fór bara hrundi allt og svo kom Hrundi á eftir. Það hrundi hérna tvöfalt. Og þetta er núna bara loksins að komast á ról aftur. Það var ekkert að gera hérna. Það bara fór allt til fjandans. Svo bara byrjaði að aukast ferðamannastraumurinn og þá bara lyftist allt upp. Svo áttu að koma þessar gríðarlegu framkvæmdir í Helgúvík sem þú veist nú hvernig standa. Það áttu fleiri hundruð manns að fá vinnu þar. Það er enginn búinn að fá vinnu þar ennþá. Það er allt upp í flugstöð. Hún tekur bara við. Nema nú er allt í upplausn vegna WOW Air. En ef þeir sleppa fyrir horn núna þá geta þeir dregið það allt til baka. Maður yrði bara rosalega feginn ef fréttir um uppsagnir gangi ekki eftir. Þetta yrði bara rosalegur skellur ef að koma hérna allt í einu 300 manns á atvinnuleysissskrá eftir næstu mánaðamót. Þetta hefur gríðarlegar afleiðingar. Þetta eru fleiri hundruð manns.“

Magnús (R7)

### STARFSEMIN Í FLUGSTÖÐINNI LIFIBRAUÐ MARGRA

„Þetta er bara það sem er að skaffa atvinnu og lifibrauð fyrir heilu fjölskyldurnar. Það er enginn í þessu bæjarfélagi sem á ekki náinn ættingja sem vinnur þarna uppfrá sko. Þetta væri bara ekki næststærsta bæjarfélagið á landinu ef það væri ekki fyrir flugstöðina. Þá hefðum við ekki vinnu fyrir fólk. Þetta eru líka bara góð störf. Það er bara mikið af góðum störfum líka. Mörg góð skrifstofustörf, fjölbreytt og alls konar.“

Jóhanna (R8)

### AUÐVELT AÐ FÁ VINNU

„Það virðist vera auðvelt að fá vinnu þarna uppi á velli og þeir sem nenna að vinna virðast geta fengið vinnu þarna. Ég held að það sé mikið af ungu fólki sem sér tækifæri þarna. Þarna er vaktavinna og álag borgað. Ég held að það séu bara fin laun miðað við annars staðar.“

Ólafur (R3)

### FJÖLMARGIR ATVINNUREKENDUR Í FLUGSTÖÐINNI OG STÖRFIN FJÖLBREYTT

„Ég held að það séu um 1.100 manns sem vinna beint fyrir Isavia. Svo er IGS, Vallarvinir, ITS, Icelandair, bílaleigurnar, veitingastaðirnir inni í flugstöðinni. Svo er alls konar verktakaþjónusta í kringum flugvöllinn líka við framkvæmdir og viðhald inni á vellinum og utan. Ég veit að stórir verktakar hafa verið að fara þangað og ég hef eitthvað heyrt um verktaka erlendis frá. Og svo auðvitað flugfélögin og eflaust eitthvað fleira.“

Einar (R4)

### MARGT STARFSFÓLK FLUGSTÖÐVARINNAR MEÐ BÚSETU Í REYKJANESBÆ

„Fólk sem býr á svæðinu vinnur í flugstöðinni. Ég myndi segja að þetta væri kannski 80% sem búa hér. Þetta er mjög stórt. Það er líka mikil vaktavinna, flestir eru að vinna í vaktavinnu. En þetta er blanda af Íslendingum og útlendingum. Ég er að taka eftir að það er mikið af mínum samlöndum sem eru að koma hingað til Íslands og fara að vinna uppi í flugstöð. Sérstaklega hjá IGS af því að það þarf ekki að nota íslenskuna. Það er þá auðveldara að gera eitthvað þar sem þarf ekki að nota tungumálið eins og töskur eða eitthvað svona. Af því að annars þarf maður að geta talað einhverja íslensku.“

Katrín (R2)

## Fjölgun ferðamanna átt þátt í samfélagsbreytingum

Öllum viðmælendum bar saman um að samfélag heimamanna hefði tekið breytingum undanfarin ár samhliða örri fjölgun íbúa. Tvær ástæður voru aðallega nefndar. Annars vegar að fasteignaverð hefði verið hagstæðara í Reykjanesbæ en á höfuðborgarsvæðinu og nóg af plássu fyrir nýja íbúa í mörgum bæjarhlutum. Hins vegar hefði verið mikið framboð af atvinnu á svæðinu, ekki síst í flugstöðinni eins og fram kom hér að framan. Nokkrir töluðu um að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefði verið erfið á árunum eftir brotthvarf Bandaríkjahers og eftir efnahagshrunið en starfsemin í flugstöðinni hafi átt þátt í að sveitarfélagið – og íbúarnir hafi náð að rétta úr kútnum. Nefnt var að þrátt fyrir allt hefði íbúafjöldi ekki haldið í við vinnuafliþörf á svæðinu. Sum fyrirtæki hafi því brugðið á það ráð að leita að fólki erlendis til starfa á svæðinu. Fram kom að þetta hafi átt sinn þátt í hraðri fjölgun íbúa íbúum af erlendum uppruna. Viðmælendur töldu að sumir hafi sest að en aðrir dvelji aðeins meðan störfín eru fyrir hendi. Fram kom að fjölgun íbúa gerði samfélagið ennþá fjölbreyttara en það hafi skapað líka ýmsar áskoranir sem þarfnist úrlausna s.s. í mennta- og heilbrigðismálum. Sagt var frá því að sveitarfélagið hefði ráðið fjölmenningsfulltrúa sem viðmælendur sögðu öflugan og bundu vonir við að hann stuðli að aukinni þátttöku þessa hóps í samfélaginu.

### FÓLK VILL BÚA Á SVÆÐINU OG AUÐVELT AÐ FÁ HÚSNÆÐI

„Bara það að flugvöllurinn er orðinn þetta stór vinnustaður það þýðir það að fólk getur flutt hingað, fengið örugga vinnu og ekki eins dýr leiga og í Reykjavík. Þú sérð það alveg, það er mikið af fólki sem kemur til að vinna. Ásbrúin er mikið notuð í það, það er auðvelt að fá húsnæði þar. Það hefur margt breyst hérna og ég held að þetta megi alveg þakka örugglega að miklu til ferðamannaíðnaðinum að vera með svona góð atvinnutækifæri.“


Ólafur (R3)

### FINNUR EKKI FYRIR NEIKVÆÐNI Í SAMFÉLAGINU

„Við erum með stórt samfélag sem er að taka á móti mörgum sem eru erlendir og ég heyrir aldrei neitt neikvætt. Fólk er alveg opið fyrir að vera með. Það var haldin hérna pólsk hátíð. Það eru 2700 Pólverjar sem búa hérna í Reykjanesbæ, það er stórt samfélag. Það tókst allt svo vel að ég held að það hafi verið meira en 500 manns sem kom á hátíðina. Það voru ekkert bara Pólverjar sem komu, Íslendingar komu líka. Það segir eitthvað, skilurðu. Fólk er alveg tilbúið. Ég heyrir það aldrei neikvætt tal um það.“

Katrín (R2)

### Mat íbúa á áhrifum ferðapjónustu á húsnæðismarkað í Reykjanesbæ



### STÓR FYRIRTÆKI SÆKJA VINNUAFL TIL ÚTLANDA

„Það er verið að flytja inn erlent vinnuaflið í stórum stíl í flugstöðina. Þessi stóru fyrirtæki uppi í flugstöð hafa bara farið út til Póllands og bara verið með atvinnuviðtöl þar og bara flutt hérna inn fólk, verið með blokkir hérna upp á gamla varnarsvæðinu sem þeir eru búnir að kaupa eða leigja undir sína starfsmenn. Við önnum þessu ekki þannig að manni finnst að allir sem virkilega vilja fá vinnu eigi að geta fengið vinnu.“

Sigrún (R1)

### INNVIÐIR VORU KOMNIR EN OPINBER ÞJÓNUSTA

#### NÆÐI EKKI AÐ HALDA Í VIÐ FJÖLGUN

„Ég geri mér grein fyrir því að Reykjanesbær var fjárhagslega að erfiða. Það kannski heftir möguleikana á að styrkja innviðina eins og þarf að gera. Þegar maður horfir 10-12 ár til baka þá var verið að stækka og bæjarfélagið skuldsætti sig mjög mikið en það hefur lagt svolítið grunninn að því að geta tekið við þessu fólki í dag. Það var búið að gera götuna, skipuleggja lóðir og allt það, þrátt fyrir að það hafi verið draugalóðir og -götur í einhverjum árum. En út af því að innviðirnir voru til staðar að þá gátu þau tekið við öllu þessu fólki. En síðan höfum við ekki náð að halda í við að hafa þjónustu fyrir það eins og í skólumálum og heilbrigðismálum.“

Einar (R4)

## Heimaging/Airbnb stundum litin hornauga en gefur góðar tekjur

Svarendur símakönnunar skiptust í þrjá hópa í afstöðu til þess að heimamenn ráðstafi eigin fasteignum í útleigu til ferðamanna. Um 43% íbúa voru á móti, 35% voru fylgjandi og 22% tóku ekki afstöðu. Niðurstöður eru þar af leiðandi ekki afgerandi og ekki mældist marktækur munur milli bæjarfélaganna fjögurra. Í viðtölunum kom fram að umræða um ráðstöfun fasteigna í einstaklingseigu tengdist helst framboði á heimagingu í bænum sem stundum var talað um undir formerkjum Airbnb. Greint var frá því að margir íbúar hefðu séð tækifæri í því að afla tekna með þessum hætti og gert breytingar á híbýlum til þess að gera það mögulegt. Fram kom að heimilisbragurinn breytist ef hluti af heimili er stúkaður af til útleigu. Nokkrir höfðu sjálfir reynslu af eða leitt hugann að útleigu heimagingingar til ferðamanna. Fram kom að tekjurnar væru afar kærkomnar og geri einstaklingum kleift að bæta eigin lífsgæði. Viðmælendur vissu af því að heimaginging gæti valdið öðrum íbúum óþægindum og að þeir viti ekki alltaf hvað sé leyfilegt. Enginn viðmælenda hafði þó persónulega upplifað óþægindi vegna Airbnb en höfðu heyrt sögur um slíkt.

### ÍBÚAR ÞEKKJA EKKI RÉTT SINN GAGNVART HEIMAGINGU NÁGRANNANS

„Það flutti fólk í götuna mína fyrir svona ári sem fór að bjóða upp á heimagingu. Það varð smá umræða á Facebook-síðu sem við erum með í götunni og var fólk að spyrja hvar mörkin liggja í sambandi við heimagingu. Sumum fannst þetta kannski þínu óþægilegt. Fólk er kannski ekkert alveg sama en þetta truflar mig ekki.“


Sigrún (R1)

### AUÐVELT AÐ NÁ Í AUKATEKJUR MEÐ HEIMAGINGU

„Ein vinkona mín breytti heimilinu sínu til að geta lokað af og boðið eitt herbergi til leigu á sumrin. Þá er komin strax þessi breyting á heimilið. Það er mikið verið að breyta heimilum og opna til að bjóða gistingu. Ég held að það sé mjög góðar tekjur líka. Það tekur ekki langan tíma að fá fólk sem er að koma ódyrt til landsins og vill gista svona. Ég held að það sé mjög mikið að gera á öllum hótélum en það er mikið um einkastaði líka og Airbnb. Það er bara jákvætt fyrir þá sem eru tilbúnir. Ég var að spá í þetta líka á sínum tíma af því að ég er með það stórt hús að ég gat alveg verið með það líka en maðurinn minn sagði nei, það væri ekki í boði. En ég velti þessu auðvitað fyrir mér því ef aðrir eru reyna að fá aukatekjur, þá gæti ég það líka.“

Katrín (R2)

### Svör íbúa í Reykjanesbæ



### FINNUR EKKI ÓNÆÐI AF SAMBÚÐ VIÐ AIRBNB

„Það er kona í mínum stigagangi sem er með eitthvað svona Airbnb held ég að hljóti að vera en hún bara passar upp á að þetta hafi ekkert áhrif á aðra. Enginn skarkali á nóttunni eða neitt. Maður getur vel ímyndað sér að þetta gæti verið vandamál ef að það er ekki gert. Ef það væri bílaleigubíll í stæðinu mínu þá mundi maður kannski hugsa sig tvisvar um. Þetta er eina sem ég veit til að er í gangi og hún hefur bara hugsað nógu vel um þetta að þetta sé ekki einu sinni nálægt því að vera vandamál.“

Ólafur (R3)

### GETUR BOÐIÐ BÖRNUNUM BETRI LÍFSGÆÐI VEGNA AIRBNB

„Ég byrjaði með Airbnb fyrir þremur árum. Það gjörbreytti lífi mínu. Það gaf mér tækifæri til að eiga bara miklu betra líf. Ef það væri ekki fyrir Airbnb þá væru börnin mín ekki að æfa sínar íþróttir. Bara að geta trítað þau með betri lífsskilyrðum og tækifærum. Ég er einstæð með lítil börn og get ekki unnið vaktavinnu. Airbnb bjargaði lífi mínu, að ég skyldi eiga þessa litlu íbúð.“

Jóhanna (R8)

### AUÐVELT AÐ TEYGJA 90 DAGA REGLUNA

„En svo er spurning hvað fólk er að teygja 90 daga regluna. Sumir eru kannski með opið í þrjá mánuði en það eru kannski 10 dagar í þessum mánuði og 10 í öðrum en ekki bara alla daga í þrjá mánuði yfir sumarið eins og reglan var sett upp sko. Ég var að tala við konu sem var nýbyrjuð með heimagingu og sagðist bara hafa lokað þegar henni dytti í hug. En þá geturðu náttúrulega alltaf haft opið af því að þú ert ekki komin upp í þessa 90 daga.“

Magnús (R7)

## Pung umferð á Reykjanesbraut en flæðið gott


Langflestir svarendur símakönnunar í Reykjanesbæ voru sammála um að aukinn umferðarþungi og tafir á vegum væru í tengslum við ferðarþjónustu. Þetta er í takti við niðurstöður úr landskönnun 2017 þar sem fram kom að aukin umferð á Reykjanesbraut voru meðal neikvæðustu hliða ferðarþjónustunnar að mati íbúa á Reykjanesi. Viðhorf til umferðarmála voru neikvæðust í Reykjanesbæ samanborið við Egilsstaði, Húsavík og Stykkishólm. Frásagnir íbúa í Reykjanesbæ í viðtölunum um þunga bílaumferð á Reykjanesbraut studdu þetta en viðmælendur sögðu umferð á Reykjanesbraut eitt af megineinkennum ferðamennsku á svæðinu. Þeir íbúar sem sögðust keyra Reykjanesbraut mikið sögðust oft vera þar á ferðinni í mikilli umferð og að í raun væri alltaf mikil umferð þar. Greint var frá því að á árum áður hefði mesti umferðarþunginn verið bundinn við ákveðna tíma sólarhringsins snemma á morgnana og eftir klukkan þrjú á daginn sem var áður tíminn fyrir brottför og eftir landingu á flugvælinum. Hins vegar sögðust viðmælendur ekki hafa lent í neinum umferðartöfum á Reykjanesbraut kringum Reykjanesbæ. Nokkur ánægja var með skipulagsaðgerðir bæjaryfirvalda sem hefðu dregið úr líkum á umferðartöfum í Reykjanesbæ og einfaldað umferðarflæðið allt frá flugstöðinni s.s. lagningu hringtorga og tvöföldun akbrauta. Talað var um að umferðartafir væru vandamál þar sem Reykjanesbraut liggur inn í Hafnarfjörð og að þaðan gangi umferð hægt inn í höfuðborgina. Nokkrir viðmælendur höfðu upplifað hættulegar aðstæður í umferð á Reykjanesbraut þar sem umferðarhraði virðist hafa aukist. Sumir voru sérstaklega varir um sig á ákveðnum vegaköflum þar sem vitað væri að ferðamenn með misjafna akstursreynslu væru e.t.v nýkomnir með bílaleigubíl í hendurnar. Nokkrir slíkir kaflar voru áður við gatnamót sem hafi verið lagfærð með hringtorgum en í dag væri það helst á stöðum þar sem tvöföldum akbrautum lýkur og ein akrein í hvora átt tekur við.

### ALLTAF MIKIL UMFERÐ

„Áður sá maður bara traffík á Reykjanesbrautinni kannski 4-5 á nóttunni og svo aftur klukkan 3 þegar það er verið að lenda. Núna er alltaf traffík og það er alveg sama hvenær maður er að keyra. Það er rosalega mikil traffík. Það er mikið erfiðara að komast inn til Reykjavíkur í dag.“

Katrin (R2)

### Mat á áhrifum ferðarþjónustu á umferð í Reykjanesbæ



### UPPLIFIR MEIRA UMFERÐARÖRYGGI EN ÁKVEÐNIR KAFLAR ENNÞÁ HÆTTULEGIR

„Það er alveg gríðarleg umferð á Reykjanesbraut. Ég keyri hana mjög mikið. Það er búið að bæta úr með nokkrum hringtorgum á leiðinni gegnum Reykjanesbæ og alveg upp að flugstöð. Það hefur verið til mikilla bóta. En ef vegurinn yrði tvöfaldaður alla leið frá flugstöð til Hafnarfjarðar og veginum haldið vel við þá væri þetta í finum málum. Þessi gatnamót sem voru áður en hringtorgin komu voru mjög hættuleg. Núna er hættulegasti kaflinn sem maður keyrir frá Keflavík til Reykjavíkur þar sem tvöföldunin endar. Maður er bara mjög var um sig þar. Ég hef lent í því að vera að keyra þar og séð ferðamann bara eiginlega ruglast, halda að hann sé á tvöföldum vegi og casually farið yfir á hina akreina og lent í stórhættu móti bílum sem komu úr gagnstæðri átt. Flest þessi alvarlegu slys eru á þessum kafla þar sem er ekki búið að tvöfalda.“

Kristján (R6)

### FLÖSKUHÁLS UMFERÐAR VIÐ KOMUNA TIL HAFNARFJARÐAR

„Það verður að klára tvöföldun Reykjanesbrautar en það er bara ekki nóg. Flöskuhálsinn er í Hafnarfirði. Þetta er aðalvandamálið, það er umferðin inn í bæinn [höfuðborgina]. Það er allt stíflað. Það er kappakstur alveg inn í Hafnarfjörð, þá fer hraðinn niður. Og þeir bættu við nýju brúna við Vallahverfi, þar er ný aðrein og menn koma bara inn á fullri ferð. Þetta er stressandi, þú veist ekki hvort það kemur einhver í hliðina á þér, það eru svo mikil læti í mönnum og þeir ætla sér bara inn á. Það breytir engu að það sé tvöfaldað þarna það leysir ekki neitt. Þetta er bara innanbæjar í Hafnarfirði.“

Magnús (R7)















## EYKUR FERÐAÞJÓNUSTA BJARTSÝNI OG HAFA ÍBÚAR EITTHVAÐ UM ÞRÓUN HENNAR AÐ SEGJA?

Ferðaþjónusta hefur aukið bjartsýni á framtíð samfélagsins í Reykjanesbæ að mati meirihluta svarenda símakönnunarinnar. Sömu sjónarmið komu fram hjá nær öllum viðmælendum. Nefnt var að ferðaþjónustan, með störfunum í flugstöðinni, hefði verið eini vaxtarsprotinn á svæðinu sem hefði verið nógu öflugur til að snúa við stöðu samfélagsins eftir erfið ár. Störfin þar tengdust ekki aðeins því að afgreiða ferðamenn heldur væru þar fjölmörg önnur fjölbreytt störf sem skipti miklu máli í hinu stóra samhengi. Þrátt fyrir almenna bjartsýni töldu flestir íbúar sig ekki hafa mikla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni. Í viðtölunum sögðu sumir að íbúar gætu ekki tekið þátt, aðrir vissu það ekki. Fram kom að íbúar geti helst sagt sína skoðun á samfélagsmiðlum eða við bæjarfulltrúa en vissu ekki hvort það myndi skila einhverju.

### Bærinn gæti tekið við fleiri ferðamönnum en ekki flugstöðin

Engum viðmælenda hugnaðist tilhugsunin um að ferðamenn myndu hættu að koma. Talið var að það myndi umsvifalaust hafa bein áhrif á atvinnulífið í bænum. Enginn hafði trú á að þetta gæti gerst en bent var á að ef það gerðist væru íbúar Reykjanesbæjar líklega best undir það búnir í ljósi sögunnar um endurtekin áföll í atvinnulífinu. Viðmælendur voru sannfærðir um að Reykjanesbær gæti tekið tekið við fleiri ferðamönnum og efuðust um að fjölgun ferðamanna myndi hafa mikil áhrif þeirra daglega líf. Sumir sáu í því tækifæri til að koma eigin viðskiptahugmyndum í framkvæmd. Aftur á móti efuðust margir um að landið sjálft, ferðamannastaðir sem nú þegar eru mikið sóttir s.s. Gullni hringurinn, og flugstöðin myndu að öllu óbreyttu þola meiri ágang. Talið var að framboð á verslun og þjónustu myndi haldast í hendur við aukna eftirspurn og finna nýtt jafnvægi.

### FERÐAÞJÓNUSTAN ANNAÐ OG MEIRA EN BARA AFGREIÐSLA VIÐ FERÐAMENN

„Ég held að það hljóti að hafa aukið á bjartsýnina. Þetta snertir okkur það mikið. Við erum ekki þessi ferðamannastaður sem er að fá mikið af túristum hérna í gegn. Ég get ímyndað mér það að Borgarnes væri kannski þannig, það komi margir í gegn þar. Þeir græða örugglega svolítið á því. En hérna er það bara svo svakalega mikið annað. Afleidd störf eru svo mörg sem eru þá náttúrulega öll þjónustan við flugstöðina. Það er gríðarlega stór vinnustaður fyrir utan öll gistiheimilin sem eru hérna í bænum sem margir nýta sér bara eðli málsins samkvæmt af því að þetta er svo nálægt.“


Ólafur (R3)

### ÞOLMÖRKIN EKKI Í AUGSÝN


„Eyjafjallajökulsgosið gerði okkur mikið gott því það lokaði fyrir Evrópu líka og það vakti mikla athygli og kom okkur á kortið. Við sem búum hér erum kannski best undirbúin á landinu hér undir svona stórmál. Kannski er það þau sem eldri eru sem standa betur að vígi. Hausinn er undir það búinn af því að þetta er búið að gerast einu sinni og allt getur gerst aftur. Ég held ég að það mundi ekki vera eins mikið áfall af því að það trúði því enginn að herinn færi fyrr en hann fór. Það getur allt gerst. Það er ekkert heilagt í heiminum. Það gæti gosið á morgun og flugið stoppað. Það yrði svakalegt.“

Magnús (R7)

Telur þú að ferðaþjónusta hafi aukið eða dregið úr bjartsýni á framtíð samfélagsins í þinni heimabyggð?



Telur þú þig hafa mikla/litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimabænum?



## SAMANTEKT

Talið er að 568 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Reykjanesbæ á árinu 2018, eða 25% allra ferðamanna sem komu til landsins. Hlutfallsleg dreifing í komum ferðamanna var jafnari milli árstíma samanborið við hin bæjarfélögin og gefur til kynna mun minni árstíðasveiflu í Reykjanesbæ. Jafnari dreifing yfir árið endurspegladist í viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna í bænum. Þrátt fyrir að raunverulegur fjöldi ferðamanna hafi verið mun meiri en í hinum bæjarfélögunum þremur fannst flestum íbúum Reykjanesbæjar fjöldinn vera hæfilegur bæði sumar og vetur. Hlutfall íbúa sem upplifði of mikinn fjölda ferðamanna var heldur ekki hærra í Reykjanesbæ en á hinum stöðunum. Íbúar Reykjanesbæ litu ekki á bæinn sem ferðamannabæ í þeim skilningi að bærinn hefði aðdráttarafl og ómissandi upplifanir fyrir ferðamenn, heldur væri hann flugvallarbær. Þangað kæmu nær allir ferðamenn inn og út úr landinu og aðeins lítill hluti af þeim skili sér inn í bæinn. Íbúar voru meðvitaðir um að ferðapjónusta á svæðinu væri tvíþætt. Annars vegar væri það ferðapjónusta við ferðamenn á Keflavíkurflugvelli og hins vegar þjónusta við ferðamenn sem koma í bæinn. Í áfangastaðaáætlun Reykjaness er bent á að tækifæri séu í að laða fleiri ferðamenn í bæinn. Þessu voru íbúarnir sammála. Auk þess voru þeir stoltir af náttúru Reykjaness sem væri falin perla og höfðu þeir væntingar um að þar lægju vannýtt tækifæri í ferðamennsku sem stæðust væntingar ferðamanna um einstaka náttúrupplifun.

Þrátt fyrir að íbúar Reykjanesbæjar vissu af ferðamönnum í bænum lögðu þeir mikla áherslu á að ferðamenn og ferðapjónusta væru ekki áberandi inni í bænum. Fram kom að ferðamenn skeri sig ekki alltaf úr í stóru og fjölþjóðlegu samfélagi Reykjanesbæjar. Heimamenn töldu að ferðamenn kæmu mest inn í bæinn til að gista eða versla. Að öðru leyti fannst heimamönnum lítið fyrir ferðamenn að gera og að meirihluti ferðamanna keyri framhjá bænum á leiðinni til og frá flugstöð. Íbúar voru ánægðir með framboð verslunar og þjónustu í bænum og tengdu þeir það við fjölmennt samfélag en síður við ferðamennsku. Niðurstöður símakönnunar í bæjarfélögunum fjórum sýndu að ónæði vegna ferðamanna var minnst í Reykjanesbæ. Bílar bílaleiganna sáust í hundruðatali á vissum óbyggðum svæðum í bænum en þeir virtust ekki trufla íbúana. Flugumferðin setti svip á bæinn. Fram

kom að hávaði frá flugumferð hefði truflað suma íbúa en einnig kom fram að nálægðin við flugvöllinn hafi haft ótvíræða kosti fyrir íbúana og að stutt væri fyrir þá komast út í heim. Í viðtölunum kom fram að flugvélahljóðin þóttu vera táknað um að fólk í bænum hefði atvinnu og að það yrðu til peningar sem bættu bæði lífsskjör og lífsgæði fjölskyldna í samfélaginu til muna.

Umferð á Reykjanesbraut var talin vera ein af megineinkennum ferðamennsku á svæðinu en var jafnframt talin vera ein af neikvæðustu þáttum hennar. Þar upplifðu heimamenn þunga umferð en þó voru heimamenn ánægðir með aðgerðir yfirvalda sem hefðu dregið úr líkum á umferðartöfum og einfaldað umferðarflæði allt frá flugstöðinni. Í umfjöllun um neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar var ítrekað vísað til skorts/umbóta á innviðum, þ.m.t. á vegakerfi og aðstöðu fyrir ferðamenn. Að mati íbúa þótti helst vanta tjaldsvæði í bæinn og voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir að standa sig ekki í að bjóða ferðamönnum viðunandi aðstöðu.

Ætla má að hröð íbúafjölgun, sviptingar í atvinnulífi og nálægð við Keflavíkurflugvöll hafi fylgt margvíslegar áskoranir fyrir samfélagið á Reykjanesi. Í hugum heimamanna var enginn vafi um þýðingu ferðamanna fyrir atvinnulífið á svæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að af bæjarfélögunum fjórum var hlutfall svarenda sem taldi að ferðapjónusta skapi heilsárs törf í heimabygginni langhæst í Reykjanesbæ (92%). Íbúar voru sannfærðir um að bein tengsl væru milli fjölgunar ferðamanna til landsins undanfarinna ára, fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli og íbúafjölgun á svæðinu. Fram kom að Keflavíkurflugvöllur væri orðinn einn stærsti áhrifavaldur samfélags- og atvinnuþróunar á svæðinu. Í viðtölum kom fram að ferðapjónustan, með fjölbreyttum störfum í flugstöðinni, hafi verið eini vaxtarsprotinn á svæðinu sem var nógu öflugur til að snúa við stöðu samfélagsins eftir erfið ár. Sjónarmið heimamanna um ferðamennsku sem komu fram í niðurstöðum fyrir Reykjanesbæ einkenndust af skilningi á því að aukin umferð ferðamanna gegnum flugvöllinn hefði skapað mörg tækifæri fyrir íbúa og fjölbreytt törf á svæði þar sem atvinnuleysi var í hæstu hæðum fyrir fáum árum. Ljóst er að íbúar í Reykjanesbæ hafa mikla trú á hlutverki flugvallarins við að halda hjólum atvinnulífsins – og samfélagsins gangandi.

## UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Í þessari rannsókn hafa viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í fjórum ólíkum bæjarfélögum verið til skoðunar. Öll eiga bæjarfélögin það sameiginlegt að vera áfanga- og viðkomustaðir erlendra ferðamanna sem ferðast um landið. Kannaðar voru bæði sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna á þessum stöðum og hafa nýjar vísbindingar bæst við um viðhorf heimamanna og aðrar festar betur í sessi. Í þessum lokakafli, sem er eins í öllum samantektunum fjórum, er horft á niðurstöður rannsóknarinnar í bæjarfélögunum fjórum í heild með tilliti til hvað var svæðunum sameiginlegt og hvað var ólíkt.

### Áhrif ferðamennsku alls staðar mikil en áherslur ólíkar

Nokkur sameiginleg stef komu fram sem staðfesta að ferðamennskan hefur mikil áhrif á samfélag heimamanna. Auk þess komu fram ólíkar áherslur í viðhorfum sem renna stöðum undir þær kenningar ferðamálafræðinnar um að áhrif ferðamennsku séu nátengd staðbundnum einkennum hvers staðar. Fyrir utan séreinkenni ferðamennskunnar, sem tengist aðráttarafi og þjónustu á hverju svæði fyrir sig, reyndist ein skýrasta birtingarmynd þessa í rannsókninni tengjast atvinnuþróun, sögu og samsetningu hvers bæjarfélags sem hefur haft mótandi áhrif á samfélagið. Þessi munur kom vel í ljós þegar heimamenn voru spurðir um hver þeim þættu mestu áhrif ferðamennskunnar vera í eigin samfélagi. Húsvíkum fannst mestu áhrifin felast í fjölbreytileika mannlífsins og þjónustunni sem hafi gert bæinn lífflegri. Í Reykjanesbæ voru auknar tekjur heimamanna efst á blaði og á Egilsstöðum var það betri þjónusta. Í Stykkishólmi voru áhrifin sýnilegust í hækkandi fasteignaverði þar sem eftirspurn væri meiri en framboð.

Íbúar bæjarfélaganna voru nokkuð sammála um mikilvægi greinarinnar fyrir samfélagið. Heilt yfir var jákvæðni heimamanna nokkuð afgerandi og voru flestir þeirrar skoðunar að ferðamennska hefði bæði bætt lífsgæði og lífskjör í samfélaginu. Einhugur var um efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir samfélagið og að ferðaþjónusta hafi bæði verið atvinnuskapandi og ýtt undir fjölbreytni í atvinnulífi. Á öllum stöðum hafði þjónustustig haldist hátt að mati heimamanna. Á minni stöðunum horfðu íbúar til ferðaþjónustunnar sem

áhrifavalds í því að þjónustustigið hafi að ekki lækkað þrátt fyrir aðrar samfélagsbreytingar á borð við breytingar í atvinnuháttum eða neikvæða þróun íbúafjölda. Þetta sást vel á Húsavík þar sem samfélagið hefur um langt skeið barist við langvarandi íbúafækkun og samdrátt í sjávarútvegi og kjötvinnslu. Ráðist var í iðnaðaruppbyggingu á Bakka sem ásamt ferðaþjónustu virðist hafa snúið neikvæðri þróun við. Hvalaskoðunin hófst á árunum upp úr 1990 og þróaðist smám saman yfir í að verða eitt stærsta aðráttarafi landsins fyrir ferðamenn. Í rannsókninni kom fram að hvalaskoðunin hafi að mati heimamanna reynst samfélaginu mikilvæg fyrir að halda þjónustu á svæðinu þar sem hún dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna. Á Egilsstöðum var ánægja heimamanna með þjónustustig sem rauður þráður í gegnum rannsóknina. Þjónustan þar tengist hlutverki bæjarins sem þjónustumiðstöðvar fyrir landsfjórðunginn og fyrir þá umferð sem þar fer í gegn. Egilsstaðabúar sáu hátt þjónustustig sem samnefnara fyrir helstu styrkleika ferðaþjónustunnar og fyrir eigin búsetuskilyrði og lífsgæði. Þar kom fram að samfélag heimamanna hefði opnast samhliða auknu framboði á þjónustu. Í Stykkishólmi varð hluti samfélagsins, sem hafði byggt afkomuna á hörpuskelveiðum, fyrir áfalli þegar stofninn hrundi og fjöldi fólks missti lífsviðurværið. Í rannsókninni kom fram að áföll í atvinnulífi hefðu knúið íbúa til nýsköpunar. Heimamenn litu á fjölbreytni í atvinnulífinu, sem ferðaþjónustan var hluti af, sem einn af stærstu kostum samfélagsins og væri afkoma heimamanna ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Í Reykjanesbæ var efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu mjög áberandi í öllum niðurstöðum rannsóknarinnar. Keflavíkurflugvöllur er í huga íbúa Reykjanesbæjar lífæð atvinnulífsins og töldu menn að það væru ekki mörg bæjarfélög á landinu þar sem jafn margir íbúar hefðu ferðaþjónustu að atvinnu á ársgrundvelli. Að mati heimamanna eru bein tengsl milli fjölgunar ferðamanna til landsins, fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli og íbúafjölgunar í Reykjanesbæ.

Í öllum bæjarfélögunum kom fram að auðvelt væri að fá vinnu í ferðaþjónustu og að alltaf vantaði fólk í vinnu í greininni. Einnig kom fram að meirihluti íbúa á öllum stöðum taldi ferðaþjónustu ekki taka til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum. Þetta bendir til þess að ferðaþjónusta hafi ekki haft ruðningsáhrif á aðrar

atvinnugreinar á þessum svæðum. Á öllum stöðunum töldu heimamenn að mörg störf í ferðaþjónustu væru mönnum með aðfluttum einstaklingum sem komi til starfa í lengri eða skemmri tíma. Á Húsavík, Stykkishólmi og á Egilsstöðum var atvinnuástand almennt gott að mati heimamanna og af þeim sökum hefðu íbúar ekki sótt í störf þar sem næga aðra vinnu væri að hafa. Á Húsavík og í Stykkishólmi sáu heimamenn starfstækifæri í ferðaþjónustu fyrir ungt fólk sem er að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði. Þessi hópur hafi auðveldlega geta fengið meiri vinnu en hann geti ráðið við, sérstaklega þegar um mjög unga krakka væri að ræða. Foreldrar á þessum stöðum bentu á að dæmi séu um að þátttaka unglinga í íþróttum og tómstundum hafi orðið að vika fyrir vöktum og höfðu af því vissar áhyggjur. Íbúar í Reykjanesbæ töldu að mjög margir íbúar störfuðu við ferðaþjónustu og að þau störf væru eins fjölbreytt og þau væru mörg, einkum störfin á Keflavíkurflugvelli.

### Upplifun af ferðamönnum

